

orðsbundni hluti refsingarinnar samkvæmt dóminum frá 14. febrúar 1984 felldur inn í þá refsingu sem ákærða verður nú ákvörðuð, en brot ákærða samkvæmt síðari kafla ákærunnar er rof á skilorðinu. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi 4 mánuði.

Ákærði hefur, eins og áður greinir, gert upp við Hilti-umboðið sf., en ekki hefur borist bótakrafa frá bilaleigunni.

Loks ber að dæma ákærða samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga nr. 74, 1974 um meðferð opinberra mála til þess að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Svans Þórs Vilhjálmssonar héraðsdómslögmanns, 10.000 krónur.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Kristján Ingi Daðason, sæti fangelsi 4 mánuði.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Svans Þórs Vilhjálmssonar héraðsdómslögmanns, 10.000 krónur.

Föstudaginn 22. janúar 1988.

Nr. 10/1987.

Sommer-Savex A/S

(Valgarð Briem hrl.)

gegn

Trésmiðju Þorvaldar Ólafssonar hf.

(Jón G. Briem hdl.)

Skuldamál. Greiðsla. Vextir af skuld í erlendri mynt.

Innheimtulaun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson og Bjarni K. Bjarnason og Gunnar G. Schram prófessor.

Áfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 12. janúar 1987. Krefst hann þess aðallega, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum danskar krónur 26.441,37 með 2% dráttarvöxtum á mánuði eða hluta úr mánuði frá 18. mars 1986 til greiðsludags. Til vara

krefst hann þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum lægri fjárhæð þó ekki lægri en danskar kr. 15.269,58 með vöxtum eins og í aðalkröfu greinir. Í báðum tilvikum krefst áfrýjandi málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Stefndi keypti vörur frá áfrýjanda 1984 og átti að samþykkja tvo víxla til 3 mánaða fyrir kaupverðinu. Skyldi hinn fyrri vera 56.060,50 danskar krónur, en hinn síðari 56.956,78 danskar krónur. Vixlar þessir áttu ekki að bera vexti. Í málinu hafa aðilar deilt um það, hvort víxlarnir hafi verið samþykktir með þeim hætti, að um þá hafi mátt beita reglum víxilréttar, en þar sem það þykir ekki skipta máli um úrlausn ágreinings aðilanna verður eigi gerð frekari grein fyrir þessu atriði.

Í málinu hefur verið lögð fram kvittun Landsbanka Íslands í Keflavík frá 10. september 1984. Sést á henni, að áfrýjandi hefur falið bankanum innheimtu fyrri fjárhæðarinnar og að fyrrnefndan dag hefur stefndi greitt 30.229,81 danska krónu með 91.638,00 íslenskum krónum og að auki 411,00 íslenskar krónur í kostnað. Þá tók bankinn við frá forstjóra stefnda víxileyðublaði. Hafði þar verið skráð, að víxilfjárhæðin væri 28.025,25 danskar krónur og gjalddagi 18. október 1984. Greiðandi var sagður hið stefnda hlutfélag, en forstjóri þess ritaði eigið nafn sem samþykkjandi. Aðilar deila um gildi þessa skjals og hvort það hafi verið víxill í réttu formi. Þarf ekki úr því að skera í málinu, því að óumdeilt er, að stefndi átti eftir 10. september 1984 ógreidda fjárhæð þá, sem á þetta skjal var skráð og að hún var ekki greidd hinn 18. október 1984. Þess er þó að gæta, að fjárhæð þessi að viðbættri greiðslunni í peningum hinn 10. september 1984 er alls 58.255,06 danskar krónur eða 2.194,56 krónum hærri en sú upphæð sem átti að greiða 18. júlí 1984 eftir hinum upphaflega samningi aðila. Mismunur þessi hefur ekki verið skýrður, en byggja verður á því, að um vexti hafi verið að ræða. Hins vegar hefur verið lögð fram kvittun Landsbankans frá 17. október 1985, þar sem fram kemur, að stefndi greiddi bankanum þann dag innheimtu frá áfrýjanda að upphæð 28.025,25 danskar krónur með 120.651,00 íslenskri krónu auk

544,00 íslenskra króna, sem helst verður að ætla að verið hafi kostnaður.

Í málinu hefur einnig verið lögð fram önnur kvittun Landsbanka Íslands í Keflavík frá 10. september 1984. Sést á henni, að áfrýjandi hefur falið bankanum innheimtu seinni fjárhæðarinnar, þ.e. danskra króna 56.956,78, og að fyrrnefndan dag hefur stefndi greitt 30.187,09 danskar krónur með 91.509,00 íslenskum krónum. Að auki greiddi hann þennan dag 411,00 íslenskar krónur í kostnað, að því er ætla verður. Bankinn tók einnig við víxileyðublaði frá forstjóra stefnda. Hafði þar verið skráð, að víxilfjárhæðin væri 28.478,39 danskar krónur og gjalddagi 30. nóvember 1984. Greiddandi var sagður hið stefnda hlutafélag, en forstjóri þess ritaði eigið nafn sem samþykkjandi. Aðilar deila um gildi skjalsins með sömu röksemdum og áður er að vikið varðandi fyrri hluta kröfunnar, en ekki þarf að ræða þetta atriði hér fremur en fyrra skjalið. Ekki var greitt 30. nóvember 1984. Þess er þó að geta, að greiðslan í peningum 10. september 1984, að viðbættri upphæðinni á víxileyðublaðinu, er alls 58.665,48 danskar krónur eða 1.708,70 krónum hærri en sú upphæð sem átti að greiða 30. ágúst. Mismunur þessi hefur ekki verið skýrður, en byggja verður á því, að um vexti hafi verið að ræða. Hins vegar hefur verið lögð fram kvittun Landsbankans frá 20. febrúar 1986, þar sem fram kemur, að stefndi greiddi bankanum þann dag innheimtu frá áfrýjanda að upphæð 28.478,39 danskar krónur auk 2% vaxta sem reiknuðust 707,21 dönsk króna. Var þetta greitt með alls 142.627,00 íslenskum krónum. Að auki greiddi stefndi bankanum þennan dag 810,00 íslenskar krónur í kostnað.

Af skjölum málsins verður ekki séð, að aðilar hafi gert neins konar fyrirvara varðandi það, að hlutar af greiðslum stefnda, er nú hefur verið lýst, skyldu renna til greiðslu vaxta eða að vextir væru ógreiddir.

Áfrýjandi fól í janúar 1986 lögmanni í Reykjavík innheimtu á kröfu sinni á hendur stefnda. Í innheimtubréfi, sem dagsett er 28. janúar það ár, segir, að skuldin sé 49.215,59 danskar krónur, en með vöxtum 52.168,53 danskar krónur. Þá er krafist 32.005,00 íslenskra króna í innheimtulaun.

Fyrir Hæstarétti sundurliðar áfrýjandi kröfur sínar þannig:

Með vísan til kvittana Landsbankans, sem lýst hefur verið, telur stefndi sig hafa greitt að fullu skuld sína við áfrýjanda.

Stefndi greiddi ekki skuld sína við áfrýjanda að fjárhæð 28.025,25 danskar krónur hinn 18. október 1984 eða skuld að fjárhæð 28.478,39 danskar krónur hinn 30. nóvember sama ár. Vegna þessara vanskila mátti áfrýjandi krefja hann um vexti auk höfuðstóls svo og um innheimtukostnað, ef hann þurfti að fela lögmanni innheimtuna. Þegar stefndi greiddi 17. október 1985 nokkra upphæð til Landsbanka Íslands í Keflavík og fékk kvittun, þar sem fram kemur, að vextir skyldu vera 2%, mátti hann ekki ætla, að hann hefði losnað undan skyldu til að greiða vexti. Þegar stefndi greiddi í bankanum 20. febrúar 1986 hafði hann fengið innheimtubréf frá lögmanni áfrýjanda. Hann fékk kvittun í bankanum, þar sem fram kemur, að vextir skyldu vera 2% frá gjalddaga til greiðsludags, en af 28.478,39 dönskum krónum greiddi hann 707,21 danska krónu í vexti. Mátti hann ekki ætla, að með því hefði hann greitt vexti að fullu eða að hann hefði fengið innheimtulaun eftirgefin. Verður því að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda vexti af skuldinni, eins og hún var á hverjum tíma og hæfileg innheimtulaun. Skuldin var í erlendri mynt og mátti ekki krefja stefnda um 2% mánaðarvexti af henni. Verður stefnda gert að greiða þá vexti, sem hæsta mátti taka.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið sagt, ber stefnda að greiða vexti af 28.025,25 dönskum krónum frá 18. október 1984 til 17. október 1985, og af 28.478,39 dönskum krónum frá 30. nóvember 1984 til 20. febrúar 1986, þó að frádreginni 707,21 danskri krónu. Byggja verður á því, að vextir fram til 18. október 1984 og 30. nóvember s.á. séu greiddir. Eftir 17. október 1985 og 20. febrúar 1986 greiðast vaxta-vextir.

Ákvæði auglýsingar Seðlabanka Íslands frá 2. ágúst 1984, sem birt var í Lögbirtingablaði 10. ágúst, giltu 18. október það ár um skuldaskil aðila. Segir þar í lið IV. 2. c:

„Þegar samið er um vexti í löglegum lánsviðskiptum og skuldaskiptum í erlendum gjaldeyri en vaxtahæð eigi greind, eða þegar greiða skal vexti af slíkri skuld, þótt eigi sé um það samið, er skuldareiganda heimilt að krefjast greiðslu ársvaxta af henni, sem eru jafnháir og vextir af innlendum gjaldeyrisreikningum af hlutað-eigandi gjaldeyri, sbr. hér að framan ...

Hámarksvanskilavextir (dráttarvextir) í lánsviðskiptum og skuldaskiptum í erlendum gjaldeyri skv. 1. mgr. mega vera 5% á ári til viðbótar framangreindum vöxtum, þegar gengisáhætta helst á gjaldfallinni upphæð.“

Í auglýsingu Seðlabankans 20. desember 1984, er kom í stað auglýsingarinnar 2. ágúst, segir, að vextir þessir megi vera „jafnháir og vextir banka og sparisjóða eru hæstir af innlendum gjaldeyrisreikningum af hlutaðeigandi gjaldeyri á hverjum tíma“. Um dráttarvexti er óbreytt orðalag. Breyting var ekki gerð á þessu í auglýsingum 3. maí 1985 og 27. febrúar 1986 og hélst reglan, sem í gildi var 18. október 1984 allt til gildistöku vaxtalaga nr. 25/1987. Frá þeim tíma ber stefnda að greiða áfrýjanda vexti skv. 11. gr. laganna svo sem segir í mánaðarlegum auglýsingum Seðlabanka Íslands.

Rétt er að stefndi greiði áfrýjanda 14.000,00 íslenskar krónur í innheimtulaun vegna þeirrar innheimtutilraunar, sem gerð var í janúar 1986.

Eftir þessum úrslitum er rétt að stefndi greiði áfrýjanda 50.000,00 íslenskar krónur í málskostnað fyrir báðum dómum.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Trésmiðja Þorvaldar Ólafssonar hf., greiði áfrýjanda, Sommer-Savex A/S:

Ársvexti af 28.025,25 dönskum krónum sem hér segir: 14,5% frá 18. október 1984 til 1. febrúar 1985 og 15% frá þeim degi til 17. október 1985, og 15% af þessum vöxtum frá 17. október 1985 til 1. apríl 1986, 14,5% frá þeim degi til 11. apríl 1986, 13% frá þeim degi til 21. maí 1986, 12,5% frá þeim degi til 21. september 1986, 14% frá þeim degi til 21. nóvember 1986, 14,5% frá þeim degi til 21. febrúar 1987, 14,75% frá þeim degi til 1. mars 1987, 15% frá þeim degi til 1. maí 1987, 17,9% frá þeim degi til 1. júní 1987, 17,4% frá þeim degi til 1. júlí 1987, 17,3% frá þeim degi til 1. ágúst 1987, 16,9% frá þeim degi til 1. september 1987, 17,6% frá þeim degi til 1. október 1987, 17,5% frá þeim degi til 1. nóvember 1987, 17%

frá þeim degi til 1. desember 1987, 17,1% frá þeim degi til 1. janúar 1988, 17% frá þeim degi til greiðsludags allt til 1. febrúar 1988 en síðan eftir reglum 11. gr. vaxtalaga.

Að auki greiði stefndi áfrýjanda ársvexti af 28.478,39 dönskum krónum sem hér segir: 14,5% frá 30. nóvember 1984 til 1. febrúar 1985 og 15% frá þeim degi til 20. febrúar 1986 og 15% af þessum vöxtum frá 20. febrúar 1986 til 1. apríl 1986 og síðan sömu vexti og lýst er í dómsorðinu hér að ofan, allt að frádreginni 707,21 danskri krónu.

Að auki greiði stefndi áfrýjanda 14.000,00 íslenskar krónur í innheimtulaun og 50.000,00 íslenskar krónur alls í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Keflavíkur 14. október 1986.

I

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 30. september sl., hefur Valgarð Briem hrl. f.h. Sommer Savex A/S, Odense, Danmörku höfðað fyrir bæjarþingi Keflavíkur gegn Trésmíðju Þorvaldar Ólafssonar hf., Iðavöllum 6, Keflavík með áskorunarstefnu birtri 22. febrúar 1986.

Við þingfestingu var mætt af hálfu stefnda og málinu vikið til venjulegrar meðferðar. Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefnda verði gert að greiða sér danskar kr. 33.448,20 auk 2% dráttarvaxta pr. mánuð af þeirri fjárhæð frá 18. mars 1986 til greiðsludags og málskostnaðar „frá þingfestingardegi til greiðsludags“ samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands. Dómkröfur stefnda eru þær að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda og að sér verði tildæmdur málskostnaður að skaðlausu skv. gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Skýrslu fyrir dóminum hefur gefið Þorvaldur Ólafsson, stjórnarformaður og framkvæmdastjóri stefnda.

II

Stefndi keypti smíðavið af stefnanda hinn 18. apríl 1984 fyrir d.kr. 56.060,50, sbr. reikning nr. 6464, og 30. maí 1984 fyrir d.kr. 56.956,78, sbr. reikning nr. 6629. Þorvaldur Ólafsson kvað aðila máls þessa hafa átt viðskipti frá árinu 1978 og hafi þau að þessu sinni orðið með venjulegum

hætti, m.a. um það að við söluna hafi verið ákveðið með hvaða hætti varan skyldi greiddast.

Um viðskiptin samkvæmt reikningi nr. 6464:

Skilmálar voru þeir, samkvæmt áletrun á reikningum, að samþykkja skyldi vaxtalausán víxil til þriggja mánaða til greiðslu á reikningsskuldinni („3 mdr. rentefri accept“). Víxill útbúinn af stefnanda, með gjalddaga 18. júlí 1984, fylgdi reikningskröfunni til Landsbanka Íslands sem annaðist innheimtuna. Víxillinn var áritaður um samþykki, stefndi fékk afhent greiðsluskjöl, greiddi síðan toll og fékk vöruna afhenta. Stefndi greiddi víxillinn hinn 10. september 1984 að hluta með peningum og að hluta með nýjum víxli að fjárhæð d.kr. 28.025,25 með gjalddaga 18. október 1984. Þann víxil greiddi stefndi hinn 17. október 1985.

Um viðskiptin samkvæmt reikningi nr. 6629:

Viðskiptaskilmálar voru hinir sömu og varðandi reikning nr. 6464. Víxill útbúinn af stefnanda, með gjalddaga 30. ágúst 1984, fylgdi reikningskröfunni til Landsbanka Íslands sem annaðist innheimtuna. Víxillinn var áritaður um samþykki, stefndi fékk afhent greiðsluskjöl, greiddi síðan toll og fékk vöruna afhenta. Stefndi greiddi víxillinn hinn 10. september 1984, að hluta með peningum og að hluta með nýjum víxli að fjárhæð d.kr. 28.478,39, með gjalddaga 30. nóvember 1984. Þann víxil greiddi stefndi hinn 20. febrúar 1986.

Valgarð Briem hrl. sendi stefnda hinn 28. janúar 1986 innheimtubríf þar sem krafist var greiðslu skuldar við stefnanda máls þessa að fjárhæð d.kr. 49.215,59 „auk vaxta samkvæmt samningsskilmálum“, höfuðstóll og vextir samtals d.kr. 52.168,53 og innheimtuþóknun ísl. kr. 32.005,00. Skrifstofa lögmannsins var tilgreind sem greiðslustaður.

III

Í áskorunarstefnu var krafist greiðslu skuldar að fjárhæð d.kr. 49.215,59 auk 2% dráttarvaxta pr. mánuð frá 18. nóvember 1985 til greiðsludags og málskostnaðar. Af upphaflegri skuld að fjárhæð d.kr. 113.017,28, sbr. reikninga nr. 6464 og 6629, er stefndi sagður hafa greitt hinn 17. september 1984 d.kr. 56.503,64, þar af áfallna vexti d.kr. 3.381,55. Hinn 28. október 1985 er stefndi sagður hafa greitt d.kr. 28.025,25, þar af vexti fyrir tíma-bilið 18. september 1984 til 18. nóvember 1985 d.kr. 17.345,65. Eftirstöðvar höfuðstólsins, d.kr. 49.215,59, hafi stefndi ekki fengist til að greiða þrátt fyrir ítrekaðar innheimtutilraunir. Um lagarök er vísað til laga um lausa-fjárkaup nr. 39/1922.

Í greinargerð sem var lögð fram hinn 19. mars 1986 og hefur að geyma endanlegar dómkröfur stefnanda, er frá því skýrt að hinn 25. febrúar 1986 hafi stefnanda borist frá stefnda upp í kröfuna d.kr. 28.478,39, sem sundurliðast þannig:

Málskostnaður þá áfallinn ísl.kr. 43.612,00 eða	d.kr. 8.774
Vextir frá 18. nóvember 1985 til 18. mars 1986	d.kr. 3.937
Af höfuðstól (d.kr. 49.215,59)	d.kr. 15.767

Sýknukrafa stefnda er reist á því að umstefnd skuld sé að fullu greidd. Fullnaðargreiðsla hafi farið fram með samþykki víxla þeirra sem fylgdu reikningunum af hendi stefnanda. Stefndi hafi þannig uppfyllt ákvæði reikninganna um greiðslu þeirra, og hafi þessi greiðslumáti einnig verið í samræmi við venju í viðskiptum aðila. Ennfremur hafi stefndi gert full skil á greiðslu víxlanna við innheimtubanka stefnanda, þannig að útilokað sé að um nokkra skuld sé að ræða við stefnanda.

IV

Stefnandi fól Landsbanka Íslands innheimtu krafna sinna á hendur stefnda vegna vörureikninga. Reikningarnir voru greiddir bankanum með samþykkt víxla eftir því sem fullnægjandi þótti í samræmi við samnings-skilmála aðila. Vixlar höfðu verið greiddir er mál var höfðað.

Grundvöllur kröfugerðar stefnanda er sá að honum beri endurgreiðsla innheimtupóknunar og dráttarvextir úr hendi stefnda.

Víxlarnir voru enn til innheimtu í Landsbanka Íslands er stefndi fékk sent innheimtubréf lögmanns stefnanda og hafði innheimtunni ekki verið fylgt fram með slíkum hætti að hið fyrra skuldasamband milli stefnanda og stefnda yrði virkt að nýju. Verður því ekki fallist á að stefnanda beri endurgreiðsla innheimtupóknunar úr hendi stefnda.

Í viðskiptum aðilanna var ekki samið um dráttarvexti. Ekki er upplýst hver fyriræli um vexti, ef einhver voru, fylgdu innheimtubæiðnum til Landsbanka Íslands. Óumdeilt er hins vegar að stefndi stóð bankanum full skil umkrafðra fjárhæða. Á kröfu stefnanda í máli þessu, sem höfðað er til heimtu skuldar vegna vörureikninga, verður ekki fallist að því marki sem þær hafa í raun að geyma kröfu um ætlaða vangreidda vexti af víxlum þeim sem um ræðir í málinu.

Niðurstaða máls þessa verður samkvæmt framangreindu sú, að sýkna ber stefnda af öllum kröfum stefnanda. Dæma ber stefnanda til að greiða stefnda málskostnað, sem telst hæfilega ákveðinn kr. 25.000,00.

Sigurður Hallur Stefánsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Trésmiðja Þorvaldar Ólafssonar hf., er sýknaður af kröfum stefnanda, Sommer Savex A/S.

Stefnandi greiði stefnda málskostnað kr. 25.000,00 innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.